

6. BEKKUR VETURINN 2009- 2010



Ágætu foreldrar/forráðamenn

Við bjóðum ykkur velkomin til samstarfs. Skólastarfið er stór þáttur í lífi barna ykkar og það skiptir öllu máli að þeim líði vel í skólanum. Góð samvinna heimilis og skóla stuðlar að vellíðan og árangri nemenda. Eins og áður hvetjum við ykkur til að fylgjast vel með veru barna ykkar hér í skólanum, vera virk í námi þeirra og hafa eindregið samband við okkur ef þið hafið spurningar eða athugasemdir. Þið eruð ávallt velkomin í skólann.

Í vetur verður sami háttur á varðandi heimanám og var í fyrra, nemendur þurfa að vera með *Skólakompu* til að skrá heimanámið í, einnig verður heimanám aðgengilegt fyrir foreldra á netinu (Mentor.is). Nemendur bera ábyrgð á að skrá heimanámið í *Skólakompu* og ekki er alfarið hægt að treysta á Mentor.is. Sé nemandi fjarverandi frá skóla þarf hann (eða foreldrar) að afla upplýsinga um hvað hefur verið gert í skólanum og vinna það heima.

Mikið er lagt upp úr því að nemendur séu stundvísir, gangi vel um, sýni kurteisi í hvívetna og fari eftir skólareglum. Foreldrar eru beðnir um að ræða þessi mál heima.

Enn og aftur er minnt á að hollur morgunverður og nesti ásamt góðum nætursvefni er mikilvæg undirstaða fyrir nám barna ykkar.

Hér á eftir er fjallað í stuttu máli um námsgreinarnar og helstu áherslur í þeim. Þar sem nafn kennara er ekki sérstaklega tekið fram kenna umsjónarkennarar greinina.

Bestu kveðjur frá umsjónarkennurum,
með von um gott samstarf í vetur.

Elfa Björk Jóhannsdóttir : elfa@akmennt.is

Jónína Sveinbjörnsdóttir: joninasv@akmennt.is

Kristín Haraldsdóttir: khar@akmennt.is

Heimasíða skólans: <http://www.siduskoli.is>

Foreldravefur: <http://www.mentor.is>

Íslenska

Lestur og bókmenntir

Aðaláherslur: Í lestri og bókmenntum verður unnið með þjóðsögur, ævintýri, gamansögur og dæmisögur. Nemendur læri að þekkja aðal- og aukapersónur, tíma, umhverfi og boðskap texta. Lögð verður áhersla á skýran og góðan framburð í upplestri. Áhersla lögð á að auka áhuga nemenda á lestri með það að markmiði að bæta leshraða, orðaforða og stafsetningu. Í ljóðakennslunni læri nemendur um uppbyggingu ljóða (rím, ljóðstafir), þekki mun á hefðbundnu og óhefðbundnu ljóði og geti túlkað ljóð og greint á milli persónugervingar og líkingar. Nemendur læri nokkur ljóð utanbókar og semji sjálfir ljóð.

Kennsluhættir: Nemendur lesa í hljóði sögubækur a.m.k. þrisvar í viku. Efni *Rauðkápu* lesið og rætt og unnin verkefni, ljóð ýmist lærð og eða flutt og ljóðahefti unnið. Gagnvirkur lestur verður notaður.

Námsefni: *Skræða*, *Rauðkápa* og vinnubók, *Ljóðspor*, ljóðahefti og verkefni af Skólavefnum.

Uppákomur og heimsóknir: Dagur íslenskrar tungu.

Heimanám: Lesa daglega í frjálslestrarbók, lesa sögur í *Rauðkápu* og vinna í vinnubók.

Læra ljóð, skrifa þau í vinnubók og teikna mynd um efni ljóðsins.

Námsmat: Próf 50 %, verkefnavinna og vinna í tímum 50 %.

Viðmið í námsmati í lestri: Við lok 6. bekkjar er stefnt að því að nemendur nái að lesa 280-300 atkvæði.

Kennslustundafjöldi á viku: 2.

Málfræði

Aðaláherslur: Að nemendur raði orðum í rétta stafrófsröð, þekki sérhljóða og samhljóða, finni andheiti og samheiti, þekki sérnöfn og samnöfn. Geri sér grein fyrir samsetningu orða og greini kyn, tölu og fall nafnorða. Þeir greini nafnorð, sagnorð og lýsingarorð, geti stigbreytt og fallbeygt lýsingarorð og þekki nafnhátt, nútíð og þátíð sagna. Nemendur læri um persónufornöfn, spurnarfornöfn og töluorð. Nemendur læri að finna stofn orða og nýta sér þá þekkingu við réttitun. Farið verður í grunnatriði í setningafræði og fjallað um orðtök og málshætti.

Kennsluhættir: Nemendur fá námsefni við hæfi og gera sínar eigin áætlanir í samráði við kennara. Þegar nemendur hafa lokið við sérhvern málfræðipátt taka þeir kannanir sem meta

hvort þeir þurfi meiri þjálfun eða geti einbeitt sér að næsta þætti. Kennarar leggja inn ný málfræðiatríði einstaklingslega eða í litlum hópum. Reynt er að nota fjölbreyttar námsleiðir til að koma til móts við getu og áhuga sem flestra nemenda. Lögð er áhersla á að nemendur aðstoði hvern annan við lausn verkefna.

Námsefni: *Skræða*, lesbók og verkefnabók I og II, verkefni af Skólavefnum, *Málrækt 2 og 3* ásamt efni frá kennara.

Heimanám: Vinna í verkefnabókum og efni frá kennara. Nemendur geta þurft að ljúka verkefnum sem ekki tókst að klára í skólanum.

Námsmat: Byggt er á stöðugu eftirliti með vinnu nemenda í samræmi við þau markmið sem sett eru. Símat og reglulegar kannanir. Fylgst er með vinnusemi, vinnubrögðum og frágangi.

Kennslustundafjöldi á viku: 2-3.

Ritun (skrift, sögugerð og stafsetning)

Aðaláherslur: Í ritun verður lögð áhersla á sögugerð og ritgerðasmíði. Unnið verður með útlit, uppbyggingu, frágang og uppsetningu ritgerða, ásamt setningaskipan og orðalagi. Í skrift og öllum verkefnum eiga nemendur alltaf að tengja stafina. Lögð er áhersla á vandvirkni og góðan frágang. Nemendur þjálfist í að skrifa með góðum penna.

Í stafsetningu læri nemendur að nota greinarmerki rétt, skipti orðum í atkvæði, skipti rétt á milli lína, noti stóran og lítinn staf, nýti sér ng- og nk- regluna og n-/nn- regluna. Nemendur þjálfist í notkun stafrófsins, reglum um einfaldan og tvöfaldan samhljóða, y, ý og ey og um j í endingum orða, vinni með stofn orða og geti nýtt sér þá kunnáttu við að stafsetja rétt.

Kennsluhættir: Á haustönn fá nemendur lista með ritunarverkefnum sem unnin eru í skólanum undir leiðsögn kennara. Áætlað er að nemandi geti lokið við söguna í tímanum og er lengd verkefnisins miðuð við það. Hver saga á að hafa viðeigandi titil, upphaf, meginmál og lokaorð. Einnig fá nemendur þjálfun í að gera útdrætti úr sögum, semja sögur út frá myndum og eigin reynslu. Dagbók haldin í stuttan tíma og bréf skrifað til ákveðins viðtakanda. Nemendur vinna heimildaritgerð og eina ritgerð um bók eftir íslenskan höfund að eigin vali. Í ritgerðavinnunni er lögð áhersla á að nemendur læri uppsetningu, heimildaskráningu og að nota gæsalappir. Nemendur læra að setja ritgerðir upp í tölvu. Í skriftartímum er farið í stafagerð á töflu og einstaklingslega, unnið verður m.a með ljóð og málshætti.

Í stafsetningu skrifa nemendur æfingar upp úr bókum til að þjálfna þá í að skrifa réttan texta. Nemendur skrifa eftir upplestri og sóknarskrift auk þess að nota gagnvirkar stafsetningaræfingar af netinu.

Námsefni: *Skræða* grunnbók, *Mál í mótun* grunnbók og vinnubók og *Verkefni fyrir réttitunarorðabók, Hljóðskraf* eftir Rósu Eggertsdóttur og námsefni af vefnum. *Skrift 5B, 6A og 6B* (efni frá Síðuskóla).

Heimanám: Nemendur ljúka við verkefni og vinna í vinnubókum. Þegar ritgerð er skrifuð geta nemendur þurft að vinna hana að hluta til heima. Einnig eiga nemendur að ljúka vikulegum ritunarverkefnum heima ef þeir ná ekki að ljúka þeim í skólanum. Skrift er að jafnaði aðra hvora viku.

Námsmat: Byggt er á stöðugu eftirliti með vinnu nemenda í samræmi við þau markmið sem sett eru. Símat og reglulegar kannanir. Fylgst er með vinnusemi, vinnubrögðum og frágangi.

Kennslustundafjöldi á viku: 3.

Talað mál og framsögn

Aðaláherslur: Að nemendur nái tökum á að flytja mál sitt skýrt, áheyrilega og skipulega frammi fyrir áheyrendum og geri sér grein fyrir ólíkum kröfum til talaðs máls og framsagnar eftir aðstæðum. Þeir þjálfist í að tjá eigin tilfinningar og skoðanir og fái tækifæri til að láta sköpunargáfu og frásagnargleði njóta sín frammi fyrir bekkjarfélögum sínum og stærri hópum. Nemendur þjálfist í umræðum í hópi og tileinki sér þær reglur sem gilda þegar margir þurfa að tjá sig í einu. Þeir geti rökstutt skoðanir sínar og hlusti hver á annan.

Kennsluhættir: Umræður, flutningur á texta bæði frumsömdum og eftir aðra, sviðsetning, hlutverkaleikir og leikræn tjáning.

Námsefni: *Skræða, Ljóðspor* o.fl.

Heimanám: Nemendur æfa flutning á texta.

Uppákomur og heimsóknir: Helgileikur á litlu jólum.

Námsmat: Ekki metið sérstaklega.

Kennslustundafjöldi á viku: Verður fléttað inn í aðra þætti námsins.

Hlustun og áhorf

Aðaláherslur: Nemendur þjálfist í að hlusta á umræður, taka þátt í þeim og halda athygli. Þeir þjálfist í að hlusta á upplestur á sögum og ljóðum. Nemendur geti farið eftir munnlegum fyrirmælum, endursagt efni sem hefur verið hlustað eða horft á og unnið úr upplýsingum sem þar koma fram.

Kennsluhættir: Umræður og upplestur.

Námsefni: *Skræða, Ljóðspor* o.fl.

Heimanám: Nemendur æfa flutning á texta.

Uppákomur og heimsóknir: Farið á tónleika með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, helgileikur á litlu jólum, salur.

Námsmat: Ekki metið sérstaklega.

Kennslustundafjöldi á viku: Verður fléttað inn í aðra þætti námsins.

Orð-af-orði

Í vetur verður unnið verkefni í samvinnu við sérfræðing frá Háskólanum á Akureyri sem kallast „Orð-af-orði=orðaforði“. Markmiðið með verkefninu er að efla orðvitund, orðaförða, lesskilning, næmni eða tilfinningu fyrir gerð málsins og áhuga á málinu, ekki síst áhuga á lestri. Verkefnið nær til lesturs, ritunar, málfræði og stafsetningar og styður við þá þætti. Ætlunin er að samþætta við aðrar námsgreinar s.s. náttúrufræði þar sem hugtök og orð námsefnis verða skoðuð og skilgreind.

Stærðfræði

Aðaláherslur: Mikil áhersla er lögð á framsetningu og skilning á orðadæmum og að nemendur átti sig á tengslum stærðfræðinnar við daglegt líf. Nemendur geti sjálfir sett upp dæmi og reiknað rétt með sinni eigin aðferð. Þeir geti deilt með tveggja stafa tölu í fimm stafa tölu, margfaldað með þriggja stafa tölu, lagt saman, dregið frá og margfaldað tugabrot rétt. Nemendur kunni að vinna með metrakerfið og geti breytt milli mælieininga (t.d. km í mm). Nemendur geti leyst einfaldar jöfnur með einni óþekkttri stærð. Þeir vinni með talnamynstur og átti sig á reglum í þeim. Nemendur kynnist negatífum tölum aðallega með tilliti til hitamælis. Auk þessa verður unnið með tölfræði, mælingar, almenn brot, tugabrot, horn, rúmmál, línurit, prósentur, hlutfall, jöfnur og ójöfnur.

Kennsluhættir: Nemendum verður skipt í hópa sem vinna verkefni sem hæfa getu hvers

og eins. Ýmist leggur kennari inn ný atriði á töflu eða kennir þau í hópunum.

Ætlast er til að nemendur sýni aðferð við lausn allra dæma nema annað sé tekið fram. Með því sýna þeir hvernig þeir hugsuðu lausn sína. Einnig verða nemendur þjálfaðir í vinnu við þrautalausnir.

Námsefni: *Geisli 2, grunnbók, Geisli 2A og 2B* (vinnubækur), *Hringur, Þemahefti í stærðfræði, stjörnubækur* ásamt efni frá kennara. Vefslóðir: gyldendal.no/multi og rasmus.is

Uppákomur og heimsóknir: Dagur stærðfræðinnar.

Heimanám: Ýmis verkefni tengd námsefninu hverju sinni. Margföldunartaflan lærð og síðan rifjuð upp reglulega.

Námsmat:

Kennslustundafjöldi á viku: 5

Erlend tungumál

Enska

Aðaláherslur: Markmið kennslunnar er að nemendur geta skilið einföld munnleg fyrirmæli og efni af geisladiski. Þeir lesi og skilji léttan texta og taki þátt í umræðum. Þeir geti einnig tjáð sig með einföldum setningum og skrifað einfaldan texta. Nemendur læri undirstöðuatriði enskrar málfræði.

Kennsluhættir: Samskipti kennara og nemenda fara fram á ensku eftir því sem það er hægt. Kennari og nemendur fara saman yfir texta og verkefni grunnbókar og síðan vinna nemendur sjálfstætt að viðbótarverkefnum eins og geta leyfir. Nemendur eru hvattir til að velja sér léttar enskar bækur á bókasafni til lestrar.

Námsefni: *Portfolio - Build Up 1* grunnbók, *Málfræði A*, og e.t.v hluti *Málfræði B*, ýmsar lesbækur og vinnublöð.

Heimanám: Unnið heima í *Málfræði A* og *Build Up 1* eftir þörfum. Nemendur þurfa stundum að ljúka við verkefni sem byrjað hefur verið á í tímum. Einnig þurfa nemendur að leysa verkefni í vinnubók, lesa léttan texta og skrifa stutta texta á ensku.

Námsmat: Próf og kannanir 50%, vinnubók/vinnublöð 50%.

Kennslustundafjöldi á viku: 2

Náttúrufræði og umhverfismennt

Lífvísindi

Aðaláherslur: Nemendur læri um lífríki í fersku vatni og lífsferil skordýra. Þekki íslenska ferskvatnsfíska, æxlun þeirra og lifnaðarhætti. Þekki eiginleika vatns og mikilvægi hringrásar þess í náttúrunni.

Kennsluhættir: Vinnan fer fram á haustönn og eru verkefni unnin í lotum. Viðfangsefninu er skipt niður í þemu og hverjum þætti gerð skil á sem fjölbreyttastan hátt, s.s. með hugtakakortum, orð-af-orði, vinnubókum, heimildavinnu, upplýsingaöflun á netinu og myndrænni úrvinnslu. Farið verður í vettvangsferðir og tilraunir gerðar. Nemendur vinna ýmist einstaklingslega, í hópa- eða paravinnu.

Námsefni: *Lífrikið í fersku vatni* og vinnublöð, ásamt efni frá kennurum.

Uppákomur og heimsóknir: Umhverfisdagur Síðuskóla, vettvangsferð að Hundatjörn, Sigling með Húna.

Heimanám: Ekki reglulegt en nemendur geta þurft að lesa kafla sem verður til umfjöllunar í skólanum.

Námsmat: Ritgerð metin t..... sjálfsmat og

Kennslustundafjöldi á viku: Unnið í lotum, að meðaltali 3 stundir.

Eðlisvísindi og jarðvísindi

Aðaláherslur í eðlisvísindum: Nemendur kynnist einföldum vélum og skilji ýmsar grundvallarkenningar sem tengjast krafti, bylgjum og lofti. Nemendur þjálfist í verklegum vinnubrögðum og læri m.a. um mælingar, hljóð og sólkerfið.

Aðaláherslur í jarðvísindum: Nemendur geri sér grein fyrir mikilvægi lofthjúpsins fyrir lífríki jarðar og hringrás vatns ásamt því að taka þátt í ýmis konar rannsóknum.

Kennsluhættir: Texti er lesinn og ræddur, unnin vinnubók og önnur einstaklings- og hópaverkefni frá kennara. Sýnd myndbönd og tilraunir gerðar í skólastofunni.

Námsefni: *Auðvitað 2*, ásamt efni frá kennurum.

Heimanám: Lesa fyrir tímana og klára þau verkefni sem ekki klárast í skólanum.

Námsmat:

Kennslustundafjöldi á viku: 3 á vorönn.

Samfélagsgreinar

Landafræði

Aðaláherslur: Fjallað verður um Norðurlöndin og unnin kortaverkefni í tengslum við námsefnið. Lögð er áhersla á að nemendur kynnist helstu einkennum Norðurlandanna s.s. veðurfari, gróðurfari, íbúum og atvinnulífi ásamt sérkennum hvers lands.

Kennsluhættir: Kennsluaðferðin byggist á hugmyndum söguaðferðarinnar en með því móti getum við nálgast efnið á fjölbreytilegan hátt. Unnið verður í einstaklings-, para- og hópavinnu, auk þess vinnur hver nemandi sína vinnubók.

Námsefni: *Norðurlönd*, kortabók og efni frá kennurum.

Heimanám: Nemendur lesa fyrir tímana og klára þau verkefni sem ekki klárast í skólanum.

Námsmat:

Kennslustundafjöldi á viku: 3 á haustönn.

Saga

Aðaláherslur: Kennd verður Íslandssaga frá kristnitöku til Gamla sáttmála. Sérstök áhersla lögð á Sturlungaöld.

Kennsluhættir: Unnið verður söguaðferðarverkefni þar sem nemendur vinna í hópum. Samþætting verður við aðrar námsgreinar. Unnið verður í lotu á haustönn.

Námsefni: *Snorra saga*, *Snorri Sturluson og mannlíf á miðöldum*, *Sjálfstæði Íslendinga 1 og 2*.

Heimanám:

Námsmat: Munnlegt próf 30%, verkefni, vinna í tímum og samvinna nemenda 70%.

Kennslustundafjöldi á viku: 3

Kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði

Aðaláherslur: Fjallað verður um sköpunarsöguna, lesnar nokkrar dæmisögur og boðskapur kristinnar trúar tengdur við daglegt líf.

Kennsluhættir: Þeir vinna verkefni í litlum hópum og kynna fyrir bekknum. Helgileikur er æfður í desember, í það eru nýttir tímar í kristnum fræðum og íslensku. Nemendur horfa á

myndband um hindúisma og svara spurningum út frá því. Einnig er bókin *Hindúatrú – Guð í mörgum myndum* lesin og verkefni sem fylgja henni unnin.

Námsefni: *Ljós heimsins, Nýja testamentið og Hindúatrú – Guð í mörgum myndum.*

Uppákomur og heimsóknir: Nemendur leika helgileik á litlu jólum.

Heimanám: Lesa fyrir tímana og ljúka við þau verkefni sem ekki hafa klárast í skólanum.

Námsmat: Próf 30%, vinnubók 20%, vinna í tímum 20%, hópverkefni 30%.

Kennslustundafjöldi á viku: 1.

Lífsleikni

Aðaláherslur: Nemendur vinni með siðferðileg málefni og verður áhersla lögð á að þeir þjálfist í að veða og meta ólíka þætti með gagnrýnu hugarfari. Lögð er áhersla á mikilvægi tillitsemi og kurteisi í samskiptum við aðra þ.e. að nemendur geri sér grein fyrir gildi þess að virða reglur í mannlegum samskiptum, bæði skráðar og óskráðar. Nemendur fræðist um ýmsa þætti sem tengjast unglingsárunum s.s. kynþroskanum og skaðsemi vímuefna. Einnig verður umferðarfræðsla.

Kennsluhættir: Umræðuhópar, hlutverkaleikir (hugmyndir í bókinni *Ég er bara ég*) og ýmsir aðrir leikir. Bekkjarfundir haldnir að jafnaði vikulega.

Námsefni: *Ég er bara ég, SMT* og fleira.

Uppákomur og heimsóknir: Heilbrigðisvika, vinavika, fræðsla á vegum hjúkrunarfræðings og námsráðgjafa.

Kennslustundafjöldi á viku: 1.

Heimilisfræði

Aðaláhersla: Að nemendur búi til einfalda rétti, bakstursaðferðir verða þjálfaðar, einnig verða nemendur þjálfaddir í að fara eftir skriflegum fyrirmælum. Þeir æfi sig í að stækka og minnka uppskriftir, mæla og vigta rétt. Nemendur læri um þvottamerki og flokkun á þvotti, rafmagnsnotkun, umhverfis- og endurvinnslumerki. Fjallað verður um orkuþörf og íþróttir og lítillaga um næringarefni fæðunnar. Einnig verður rætt um mikilvægi hreinlætis.

Kennsluhættir: Kennari leggur inn verkefni dagsins í upphafi tímans og fer þar sérstaklega yfir hvernig á að vinna. Í framhaldi af því inna nemendur verkefnið af höndum tvö til þrjú saman. Kennari gengur á milli og hjálpar nemendum eftir þörfum. Þá er einnig um

bóklega kennslu að ræða þar sem nemendur og kennari sitja í hring við borð og hjálpast að við að leysa verkefni á vinnubók. Meira sjálfstæðis er krafist af nemendum í vinnubrögðum en áður m.a. er ætlast til að þeir geti farið eftir skriflegum leiðbeiningum t.d. við smákökubakstur.

Verkefni: Vöflur, smábrauð, plokkfiskur, tebollur, matarsalat m/eggjum og brauðvafningar, vínarbrauð, hakk og spagheti, pizzusnúðar, tær grænmetissúpa, skonsur og frönsk súkkulaðikaka, chilifiskur í ofni, fyllt horn, smábrauð, muffins.

Námsefni: *Gott og gagnlegt 2* og vinnubók. Laus blöð frá kennara.

Uppákomur og heimsóknir: Heimsókn á Minjasafnið (Matur forfeðranna).

Námsmat: Frammistaða og hegðun metin eftir hvert skipti og meðaltal þess tekið og gildir 50% af einkunn á móti 25% vægi fyrir verklegt próf og 25% fyrir skriflegt próf.

Kennslustundafjöldi á viku: 2 stundir á viku hálfan veturinn.

Kennarar: Arnfríður Jóhannsdóttir

Íþróttir – líkams- og heilsurækt

Skólasund

Aðaláherslur: Að nemendum líði vel í skólasundi og upplifi námsgreinina sem jákvæða og skemmtilega. Að auka hæfni nemenda til að ná valdi á færniþáttum ólíkra sundaðferða. Að nemendur nái valdi á 6. stigi við lok skólaárs.

Með tilliti til þroska taugakerfis eru nemendur á þessum aldri mjög móttækilegir fyrir öllu hreyfinámi auk þess sem námsáhugi þeirra er yfirleitt mikill. Ef nemandi getur einhverra hluta vegna ekki tekið þátt í sundi er viðkomandi beðinn um að hafa meðferðis miða um það að heiman. Æskilegt er að nemendur mæti með sundgleraugu í skólasund. Í skólasundi er óheimilt að nota stuttbuxur (strandbuxur), aðeins er leyfður hefðbundinn sundfatnaður (sundskýlur og sundbolir).

Kennsluhættir: Leiðbeiningar, sýnikennsla og skýringar bæði af bakka og ofan í laug.

Námsefni: Bringu- og skólabaksundsæfingar, skrið- og bakskríðsundsæfingar, björgunar- og kafsundsæfingar, flugsundsæfingar, boðsundsleikir, kafsundsleikir eins og strútur, boltaleikir (handbolti, rugbý), bretta- og dýnuboðsund.

Námsmat: Nemendur taka stöðupróf á vetrinum og síðan lokapróf í 6. sundstigi að vori. Færni í prófum gildir 30% á móti virkni, áhuga og ástundun sem gildir 50% og

félagsfærni/samskipti og hegðun 20%.

6. sundstig: 50 m skólabaksund (stílsund), 25 m skriðsund (stílsund), 25 m baksund (stílsund), 25 m bringusund á tíma (tímalágmark 35 sek.),

200 m bringusund viðstöðulaust, 15 m björgunarsund með skólabaksunds-fótatökum og 8 m kafsund.

Kennslustundafjöldi á viku: 1.

Kennari: Páll Gíslason og Hansína Gunnarsdóttir.

Skólaíþróttir

Aðaláherslur: Að nemendur temji sér góða umgengni, hreinlæti og kurteisi og auki kraft, fimi, þol og þrek. Að nemendur nái tókum á stöðvaþjálfun, auki færni í leikfímiaefingum og frjálsum íþróttum. Þeir fái leikskilning í boltaíþróttum og efli samvinnu í hópíþróttum. Að stuðla að alhliða þroska hvers nemanda, efla heilsufar hans og afkastagetu. Markvisst íþrótta- og hreyfinám hefur góð áhrif á líkamlega heilsu og jákvæð áhrif á andlega og félagslega líðan og styrkir sjálfsmynd og vellíðan.

Kennsluhættir: Sýnikennsla þar sem kennari sýnir og kennir nemendum æfingar og leiki og fær nemendur til að sýna. Nemendur vinna mikið í hópum en þó einnig með einstaklingsæfingar sem reyna á sjálfstæð vinnubrögð. Ef nemandi getur einhverra hluta vegna ekki tekið þátt í íþróttatíma eða farið í sturtu er viðkomandi vinsamlegast beðinn um að hafa meðferðis miða um það að heiman.

Námsefni: Hreyfileikir, boltaleikir, hringþjálfun, stöðvaþjálfun, fimleikar, frjálssar íþróttir, styrktaræfingar, jafnvægisæfingar, knattspyrna, körfuknattleikur, handknattleikur, bandý, blak, borðtennis og hnit.

Námsmat: Virkni í tímum, áhugi og ástundun gildir 50%, félagsfærni/samskipti og hegðun 20% og færni 30%.

Kennslustundafjöldi á viku: 2.

Kennarar: Páll Gíslason og Hansína Gunnarsdóttir.

Listgreinar

Textilmennt

Aðaláherslur: Helstu umgengnisreglur varðandi saumavélar rifjaðar upp og nemendur þjálfaðir í að nota saumavél t.d. sauma þeir óregluleg form á saumavél. Nemendur rifji upp hvernig fitjað er upp á prjónum prjóna garðapryjón og læri að gera brugna lykkju. Nemendur læri að þekkja nokkur algeng munstur í handverki og fá innsýn í mikilvægi íslenskrar ullarvinnslu áður fyrr. Lögð er áhersla á sköpunargleði nemanda, vönduð og sjálfstæð vinnubrögð, samvinnu og góða umgengni.

Verkefni: Svunta sniðin og saumuð. Nemendur læra að gera lokaða sauma. Þeir hanna tvöfaldan vasa á svuntuna. Nemendur prjóna læra að skipta um lit á garni og prjóna brugðna lykkju. Gera vinabönd. Kynning verður á fixative aðferðinni og nemendur gera t.d. kort. Þá verður æfing í þæfingu. Önnur verkefni ráðast af tíma og aðstæðum.

Kennsluhættir: Innlögn, sýnikennsla, einstaklingskennsla og verklegar æfingar.

Námsmat: Öll vinna nemenda í kennslustundum er metin sérstaklega. Vægi verkefna er 60% á móti 40% þar sem gefið er fyrir umgengni, vinnu og hegðun.

Kennslustundafjöldi á viku: 2 stundir hálfan veturinn.

Kennari: Guðfinna Sverrisdóttir.

Myndmennt

Aðaláherslur: Að þroska og þjálfna nemendur svo þeir verði færir um að móta eigin hugmyndir í ýmsan efnivið. Að nemendur efli hugmyndaflug og sköpunarhæfileika. Þeir þjálfi frumhugtök myndlistar og auki þekkingu sína á listasögunni og einstaka listamönnum.

Verkefni: Umhverfisteikning, hlutateikning, mynstur í myndlist, sjálfsmynd og klippimyndir, unnin verk í tvívídd og þrívídd, myndasögur, hönnun o.fl. Önnur verkefni eru unnin í samráði við kennara og taka mið af áhuga og getu nemenda.

Kennsluhættir: Sýnikennsla og verkleg vinna nemenda. Kynning á listasögu með bókum, litskygnum og glærum.

Uppákomur og heimsóknir: Listasafn Akureyrar.

Námsmat: Hvert verkefni er metið fyrir sig og gilda þau 60% af einkunn. Umgengni, vinnusemi, virkni og hegðun gilda 40%.

Námsefni: *Myndmennt I og II*, bækur af bókasafni, Netið, efni frá kennara o.fl.

Kennslustundafjöldi á viku: 2.

Kennari: Guðný Lára Gunnarsdóttir

Tónmennt/tjáning

Aðaláherslur: Nemendur kynnist íslenskum dægurlögum og ljóðum auk erlendra laga og leikja. Hver nemandi vinnur kynningu um sína uppáhaldshljómsveit eða tónlistarmann og flytur fyrir bekkinn ásamt því að koma með hljóddæmi. Nemendur semji stutta leikþætti, flytji ræður og fái þjálfun í framkomu og hlustun.

Kennsluhættir: Hver kennslustund byggist að einhverju leyti upp á söng, hlustun, leik og lestri. Unnið verður í hópum og einstaklingslega.

Námsefni: Alls kyns tónlist (klassík, dægurlög o.fl.), verkefni frá kennara.

Uppákomur og heimsóknir: Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, litlu jóla, salur.

Heimanám: Verkefni frá kennara stöku sinnum.

Námsmat: Verkefni metin.

Dans

Aðaláherslur: Að nemendur efli eigin hreyfigetu, þekki og skynji hreyfimyndur hópa s.s. raðir, hringi, skálinur og fylgi öðrum. Nemendur læri einföldustu grunnspor í samkvæmisdönsum og gömlu dönsunum. Þau læri að skynja hrynjanda og sérkenni þeirra í hreyfingum og tónlist og öðlist samhæfingu handa og fóta. Nemendur kunni og nýti sér almennar kurteisisvenjur í samskiptum þ.e.a.s. bjóða upp í dans, vinna í hópi, taka tillit til annarra og sýna gagnkvæma virðingu.

Kennsluhættir: Sýnikennsla fer fram í öllum tímum þar sem kennari sýnir nemendum spor og dansa.

Dansar: Cha cha (frumspor, ny, spot turn, hand to hand), Jive (frumspor, hægri snúningur dömu og skipta um hönd f/aftan bak), Samba (frumspor og wisk með sláttaskiptingu), Skottís (aðferð 3), Vínarkrus og Amerísk Rúmba (kassi og du).

Leikir: Ásadans og töludans.

Námsmat: Símat þar sem frammistaða nemenda er metin eftir áhuga og getu og einkunn gefin við annaskipti.

Uppákomur og heimsóknir: Foreldrum er boðið að koma í heimsókn og fylgjast með í lok vorannar.

Kennslustundafjöldi á viku: 1.

Kennari: Elín Halldórsdóttir.

Upplýsinga- og tæknimennt

Aðaláherslur: Að nemendur læri að umgangast tölvur og öðlist öryggi í vinnu við þær, séu óhræddir við að þreifa sig áfram og auki við eigin þekkingu á tölvutækni. Að þeir tileinki sér rétta fingrasetningu og auki við hraða í vélritun. Kennt verður á algeng forrit (þ.e. Word, Excel og Publisher) og verkefni unnin samhliða þeim. Áhersla er lögð á að nemendur geti nýtt sér ritvinnsluforritið Word til að setja upp ritgerðir og fjölbreyttan texta. Unnin verða verkefni samþætt við aðrar námsgreinar.

Kennsluhættir: Nemendur vinna að mestu leyti einir á sínum hraða. Para- og hópavinna í samþættum verkefnum. Kennarinn gengur á milli og aðstoðar eftir þörfum. Fingrasetning og hraði í vélritun er þjálfað með forritinu Ritfinni.

Námsefni: Kennslubók í Word og Exel, Ritfinnur, námsefni af Skólavefnum og verkefni frá kennara.

Námsmat: Frammistaða og vinna í tímum 30%, vélritun 20% og valin verkefni 50%.

Kennslustundafjöldi á viku: 1.

Hönnun og smíði

Aðaláherslur: Aðalviðfangsefni nemenda er að búa til nytjahluti þar sem þeir halda utan um helstu þætti er lúta að ferlinu frá hugmynd að hlut til afurðar. Áhersla er lögð á að nemendur beiti verkfærum rétt og séu meðvitaðir um þá öryggisþætti sem gæta þarf að við vinnu í smíðastofunni. Nemendur læri um undirflokkverkfæra, notagildi þeirra og öryggismál. Lögð er áhersla á að nemendur læri að nota eftirtalin verkfæri: Tifsög, rasp, þjöl, holjárn og kjullu.

Nemendur safni í sýnismöppu öllum hugmyndum og gögnum. Lögð er rík áhersla á góða umgengni og meðferð verkfæra í smíðastofunni.

Verkefni: Brauðbretti, birkikistill, laufabrauðshlemmur eða brauðbakki. Önnur verkefni eru í samráði við kennara og taka mið af áhuga og getu nemenda.

Kennsluhættir: Þegar byrjað er á nýju verkefni eða þegar nýtt verkfæri eða vinnuáferð er tekin fyrir þá er sýnikennsla notuð. Verkleg æfing er stundum notuð í framhaldi af sýnikennslu til að þjálfna nemendur í að beita verkfærum rétt og til að nemendur tileinki sér rétt vinnubrögð. Þegar nemendur eru byrjaðir á sínum verkefnum þá fær hver nemandi leiðsögn og aðstoð eftir þörfum.

Námsmat: Símat þar sem lagt er mat á hugmyndaauðgi og hönnun, umgengni og hegðun,

verkfærni og vandvirkni, iðni og afköst. Þessir þættir gilda 40% á móti verkefnum sem gilda 60%.

Kennslustundir á viku: Tvær kennslustundir á viku, hálfan veturinn.

Kennari: Gunnlaugur Jóhannsson.

Lesið og kennt veturinn 2008-2009

Myndmennt

Möppur-	Skólaárið byrjað með því að hver og einn nemandi gerði borðmiða með nafninu sínu.
Vaxmynd-	Unnið með ólíkar vinnsluaðferðir. Notaðir klessulitir og mynd pennsluð með heitu vaxi og straujuð.
Landsýn-	Samþætting við samfélagsfræði.
Mosaík-	Fugl unnin í pappírsmosaík. Áhrif lita hugleidd.
Zoom	Verk unnið með linsu myndavélar í huga. Smæstu hlutir stækkaðir upp.
Slöngur-	Slöngur unnar á svart karton. Unnið út frá hugtakinu undir og yfir.
Dýrateikning-	Farið í grunnatriði í líkamsbyggingu fjórfættra dýra, út frá því valdi nemandi sér dýr og vann í kol.
Egyptar-	Farið í grunnatriði egypskar myndlistar og verk unnið.
Hönnun-	Fræðst um sögu hönnunar og áhrifa hennar á umhverfi okkar. Hlutur hannaður út frá hugmynd.
Andlitsteikning-	Farið yfir grunnatriði í andlitsteikningu og í framhaldi af því gerði nemandi teikningu af sjálfum sér.

Nemendur unnu síðan ýmis styttri verkefni á milli.

Textilmennt

Nemendur prjónuðu stykki og gerðu karl eða kerlingu úr því. Þeir lærðu að gera lokaða sauma með því að sauma svuntu Þeir unnu með frumformin og flís og fix aðferð og gerðu stykki sem flestir gerðu að pennaveski. Flestir gerðu allskonar aukaverkefni.

Heimilisfræði

Nemendur gerðu vöflur, smábrauð, plockfiskur, tebollur, matarsalat og brauðvafningar, vinarbrauð, hakk og spagheti, pizzusnúðar, súkkulaðikaka, túnfisksalat, minestronesúp, skonsur í ofni, gersnúðar, lakkrístoppar, pizzu, riskökur, farið á mynjasafnið, farið á sjó, verðlaun matreiðslunámskeið á Friðrik V fyrir annan bekkinn. Unnið í vinnubók niður bls. 12.

Íslenska.

- Lestur og bókmenntir: Valdar sögur úr Rauðkápu lesnar. Mismunandi hvernig unnið var með sögurnar, gerð myndasaga, útdráttur og unnin vinnubók.
- Ljóðahefti á haustönn.
- Lærðu eitt ljóð utanbókar.
- Málfræði og stafsetning: Nemendur byrjuðu á Málrækt 3, Mál í mótun, grunnbók og vinnubók og Skræða I og II. Nokkrir nemendur unnu Verkefni fyrir réttitunarorðabók og Hljóðskraf Rósu Eggertsd. og verkefni í tölvu voru notuð í svæðavinnu.
- Skrift: Rauðka og strimlar í heimavinnu á haustönn. Skrift 6A og 7A auk sérhefta og grunnæfinga eftir þörfum hvers og eins.
- Ritun: Sögur unnar í heimavinnu og í skól. Ritunarverkefni úr Skræðu og Ritunarbókinni. Í svæðavinnu voru sögur unnar í tölvu.
- Talað mál og framsögn. Jólaleikrit á litlu-jólum, nemendur lásu sögur sínar upphátt og sögðu frá atburðum í eigin lífi. Einnig fluttu nemendur tónlistarverkefni sitt ásamt hópverkefnum í kristinfræði og samfélagsfræði.

Stærðfræði

- Nemendur unnu í fjórum hópum sem að mestu leyti voru miðaðir við getu þeirra. Eftir áramót var unnið eftir skipulagi frá Hrafnagilsskóla í þremur hópum. Einn hópurinn var í umsjá Bryndísar sérkennara og voru nemendur þar með einstaklingsnámskrá.
- Hinir hóparnir unnu Geisla 2 grunnbók að mestu leyti. Einnig valin verkefni úr vinnubók 2A og 2B. Stjörnuhefti, Hringur almenn brot og samlagning og frádráttur notaðar, Ljósrituð hefti t.d flatarmál, rúmmál, deilingarhefti og hefti með almennum brotum, (úr gamla námsefninu 6a). Á degi stærðfræðinnar var unnið með þríhyrninga. Í heimanámi voru stjörnuhefti og valdar blaðsíður úr vinnubók 2A og 2B á haustönn. Á vorönn ljósrituð heimaæmi 1-20. Mikil áhersla lögð á að reyna að kenna margföldunartöfluna. Vefurinn notaður t.d Gyldendal.no/multi í svæðavinnu og oft.

Enska

- Build Up, og Málfræði A. Ljósritað lýsingarorðahefti. Verkefni á skólavefnum og glæruverkefni unnin í svæðavinnu. Málfræðiheftið A var að hluta unnið sem heimanám sem og stílar.

Náttúrufræði.

- Fyrir áramót: *Lífríki í fersku vatni* og vinnubók. Farin vettvangsferð að hundatjörn og sýni tekin og skoðuð í víðsjá. Gengið meðfram Glerá, frá Möl og Sandi og niður að stíflu og hita- og sýrustig skráð og sýni tekin.
- Eftir áramót: *Auðvitað 2*, öll bókin utan síðasta kaflans um landmótun og veðrun. Nemendur unnu verkefni um pláneturnar í hópum og útbjuggu síðan power point sýningu með helstu atriðum og kynntu fyrir bekknum.

Samfélagsfræði.

- Landafræði: Á haustönn voru unnin verkefni um Norðurlöndin og bókin *Norðurlönd* notuð ásamt vinnublöðum. Verkefnið um norðurlönd var unnið í hópavinnu þar sem hver hópur tók fyrir eitt land, bjó til kort og aflaði upplýsinga um sitt land. Hópar fluttu síðan verkefni sín fyrir bekkinn og afraksturinn var sýnilegur í skólastofunni þeirra.
- Saga: Á vorönn var kennd Snorra saga Sturlusonar. Nemendur lásu Snorrasögu heima og svöruðu spurningum. Farið var yfir spurningar í skólanum. Síðan var nemendum skipt í hópa sem unnu verkefni um valda atburði úr lífi Snorra. Bókin *Snorri Sturluson og Mannlíf á miðöldum* var notuð sem ítarefni. Námsmat byggðist á hópavinnu og skriflegu prófi í lok annar. Hóparnir kynntu verkefni sitt.

Lífsleikni

- Reglulegir bekkjarfundir, SMT, leikir og almenn umræða um skólareglur og umgengni.

Upplýsinga- og tæknimennt

- Upprifjun á þeim þáttum word sem kenndir voru í 5. bekk og síðan haldið áfram með *Wordverkefni*-heftið sem kennt var í 5. bekk. (Word, verkefni fyrir 5. bekk). Lítilsháttar kynning á Excel forritinu. Forritið Ritfinnur var notað til að þjálfa fingrasetningu. Byrjað var á rauðu eplunum. Kennd grunnatriði Power Point og unnin glærusýning um pláeturnar.
- Ritfinnur - vélritun
- Grunnur í Windows – möppur o.s.frv.
- Unnin ýmis verkefni í forritinu Word
- Verkefni unnið hjá bekkjarkennara í náttúrufræði sett upp í tölvu

Tónmennt og tjáning

Nemendur völdu ákveðinn tónlistarmann/menn, öfluðu sér heimilda um hann/þá og kynntu fyrir bekkjarfélögum. Þeir héldu fyrirlestur, spiluðu lag með tónlistarmanninum og skiluðu síðan verkefninu til kennara. Nemandi í öðrum bekknum samdi dans og kenndi bekkjarfélögum. Stúlkurnar kenndu síðan stelpunum í hinum bekknum.

Trúarbragðafræði: Nemendur lærðu um hindúisma og gyðingdóm. Nemendur horfðu á myndband um trúarbrögin og svöruðu spurningum. Bókin *Ljós heimsins* lítillaga notuð og m.a. kennt vel um páskana. Annar bekkurinn fékk fræðslu um Baháítrú.